

Fundargerð

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Árneshrepps föstudaginn 19. maí 2023, kl. 10:00 í Krossnesi í Árneshreppi.

Fundinn sátu: Arinbjörn Bernharðsson formaður, Hlynur Torfi Torfason skipulagsfulltrúi sátu fundinn í Borgartúni 20 í fjarfundarbúnaði. Úlfar Eyjólfsson og Egill Steinar Kristjánsson sátu fundinn í Krossnesi í Árneshreppi. Grettir Örn Ásmundsson byggingarfulltrúi sat fundinn í fjarfundarbúnaði í Kópavogi og ritaði hann fundargerð.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Djúpavík – Staðfesting lóða.

Byggingar- og skipulagsnefnd óskar eftir undirskriftum allra landeiganda til að geta afgreitt erindið.

2. Munaðarnes – Stofnun lóða.

Byggingar- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja erindið en bendir á að deiliskipulag verður liggja fyrir áður en leyfi til framkvæmda verða veitt.

3. Bergistangi – Breytt notkun húsnæðis.

Byggingar- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja erindið gegn því að fullnægjandi gögnum sé skilað til byggingarfulltrúa.

4. Steinstún – Stofnun lóðar.

Byggingar- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja stofnun lóðanna, Giljapartur 2 og 3.

5. Giljapartur 3 – Umsókn um byggingarleyfi – Ragnar Torfason.

Byggingar- og skipulagsnefnd leggur til sveitarstjórn að samþykkja umsóknina. Grenndarkynningu er þegar lokið með undirrituðu samþykki nágrenna.

6. Giljapartur 2 – Umsókn um byggingarleyfi – Páll Lýður Pálsson.

Byggingar- og skipulagsnefnd leggur til sveitarstjórn að samþykkja umsóknina. Grenndarkynningu er þegar lokið með undirrituðu samþykki nágrenna.

7. Húsárvirkjun – Umsókn um framkvæmdarleyfi.

Byggingar- og skipulagsnefnd getur ekki afgreitt erindið fyrr en umsögn Fiskistofu liggur fyrir, samkvæmt lögum um lax og silungsveiði 61/2006, gr. 33.

8. Fell – Umsókn um breytta skráningu húsnæðis.

Byggingar- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja umsóknina.

9. Norðurfjarðarhöfn – Umsókn um framkvæmdarleyfi, stoðveggur og útsýnispallur, umsóknaraðili er Árneshreppur.
Byggingar- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja umsóknina.
10. Djúpavík – Baskasetur tillaga frá Noland Arkitektum.
Lagt til kynningar, byggingar- og skipulagsnefnd lýst vel á hugmyndina en beinir því til umsóknaraðila að láta umsókn um hyggingarleyfi fylgja með umsókn undirritað af landeiganda. Einnig skal leita umsagnar vegagerðarinnar vegna nálægðar við þjóðveg.
11. Umræður, byggingar- og skipulagsnefnd beinir því til landeiganda að deiliskipuleggja svæðið ef byggingaráform eru fyrirhuguð í Djúpavík.

Fundi slitið kl 11:40
